

STARFSÁÆTLUN STJÓRNSÝSLUSVIÐS 2013–15

DESEMBER 2012

STJÓRNSÝSLUSVIÐ RÍKISENDURSKOÐUNAR

Stjórnsýslusvið er annað tveggja kjarnasviða Ríkisendurskoðunar. Í árslok 2012 voru starfsmenn þess tíu. Á því ári gaf sviðið út 25 opinberar skýrslur. Þar af voru 23 unnar að frumkvæði Ríkisendurskoðunar en tvær að beiðni Alþingis. Að auki vann sviðið tvær skýrslur sem eingöngu bárust viðkomandi stofnun og ráðuneyti.

Stjórnsýslusvið hagar endurskoðun sinni í samræmi við lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun, stefnukort sitt, siðareglur og staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (ISSAI), einkum staðla nr. 3000 og 3100 um stjórnsýsluendurskoðun og nr. 40 um gæðaeftirlit.



HVAÐ ER STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN?

Stjórnsýsluendurskoðun er eitt meginverkefni ríkisendurskoðana hvarvetna í heiminum. Markmið hennar er að veita ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins aðhald í starfsemi sinni og rekstri. Það er gert með því að draga fram frávík frá gildandi lögum, reglum og markmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og árangur í ríkisrekstri og leiða í ljós möguleg umbótatækifæri.

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun felst stjórnsýsluendurskoðun í að „kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“. Stofnunin skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli þeirra á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis og benda á leiðir til úrbóta. Í lögnum er sérstaklega tekið fram að stofnunin geti gert stjórnsýsluendurskoðun hjá aðilum sem

fjármagna starfsemi sína með ríkisfé að hluta eða öllu leyti. Þar kemur einnig fram að stofnunin sé engum háð í störfum sínum og að hún hafi víðtækar heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem hún þarf á að halda við endurskoðun sína.

Stofnunin velur sjálf úttektir sínar, afmörkun þeirra og framkvæmd. Forsætisnefnd þingsins getur þó krafist þess að stofnunin geri úttektir á viðfangsefnum sem falla undir starfssvið hennar en henni er í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að þeirri vinnu.

Árið 2011 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um þingsköp, m.a. ákvæðum um nefndaskipan þingsins. Sett var á fót sérstök stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem fjallar um stjórnskipunarmál og mál sem varða æðstu stjórn ríkisins, auk eftirlits með framkvæmdarvaldinu. Nefndin skal m.a. fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Þetta er breyting frá því sem áður var þegar mismunandi fagnefndir þingsins fjölluðu um skýrslurnar. Forsætisnefnd Alþingis setti í byrjun árs 2012 nýjar reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar sem taka mið af framangreindum breytingum.

STEFNUMÓTUN STJÓRNSÝSLUSVIÐS RÍKISENDURSKOÐUNAR

Stefnumótun stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar byggist á aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats. Stefnan lýsir framtíðarsýn sviðsins, meginhlutverki, gildum, markmiðum og árangursmælikvörðum og styður markvisst við heildarstefnu Ríkisendurskoðunar.

FRAMTÍÐARSÝN STJÓRNSÝSLUSVIÐS

- Að vera í fremstu röð í stjórnsýsluendurskoðun

MEGINHLUTVERK


- Að þjóna Alþingi og almenningi með þörfum, tímanlegum, óhlutdrægum og áreiðanlegum upplýsingum um ríkisrekstur og setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta

GILDI

- Fagmennska – heilindi – óhæði

STEFNUKORT STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Stefnukort stjórnsýslusviðs 2013–15 sýnir markmið þess út frá fjórum víddum, þ.e. þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum.



Markmiðunum er ætlað að tryggja að sviðið uppfylli hlutverk sitt og geri framtíðarsýn sína að veruleika með markvissri nýtingu fjármuna og öflugu og samhentum starfsfólki sem vinnur samkvæmt skilvirkni og árangursríku verklagi til hagsbóta fyrir Alþingi og almenning.

Sviðið leggur í fyrsta lagi ríka áherslu á að starfsemi þess sé peninganna virði og kostnaðarvitund starfsmanna skýr. Í öðru lagi leggja starfsmenn áherslu á að vinna sem ein öflug liðsheld af heilindum og fagmennsku og að sýna frumkvæði, metnað og sveigjanleika í störfum sínum. Í þriðja lagi vill sviðið viðhafa metnaðarfulla verkefnastjórnun með markvissum vinnubrögðum og skýrri afmörkun efnis. Sömuleiðis vill sviðið ástunda virka upplýsingamiðlun, beita öflugu gæðastarfi og vinna samkvæmt skýrum verklagsreglum. Í fjórða og síðasta lagi vill sviðið stuðla að faglegri fjármálastjórn og markvissri ákvarðanatöku stjórnvalda. Þetta gerir það með úttektum á hagkvæmni, skilvirkni og árangri í ríkisrekstri, öflugu samtímaeftirliti og könnunum á því hvort verkefni ríkisins séu í samræmi við ákvarðanir Alþingis og stjórnvalda.

STARFSÁÆTLUN 2013–15

Starfsáætlun stjórnsýslusviðs 2013–15 byggist á áhættumati á starfsemi og rekstri ríkisins. Við vinnslu hennar var einkum litið til breytinga í ríkisrekstri síðastliðin ár, áherslu stjórnvalda í ríkisfjármálum 2010–15, fjárveitinga í fjárlögum, ríkisreiknings 2011, niðurstöðu starfsmannakönnunar SFR 2012 og greiningar á fjárhagsstöðu einstakra fjárlagaliða. Stefnukort sviðsins og áætlunin verða endurskoðuð árlega.

Líkt og síðustu ár beinast úttektir sviðsins aðallega að málaflökum sem heyra undir stærstu ráðuneytin, þ.e. velferðar- ráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Þetta stafar af því að um 80% af fjárveitingum ríkisins í fjárlögum ársins 2013 er ráðstafað til málefna sem heyra undir þau og þau fara með yfirstjórn langflestra ríkisstofnana. Málefni annarra ráðuneyta verða þó einnig til skoðunar eftir því sem þörf þykir.

Á tímabilinu 2013–15 mun sviðið eins og endranær vinna fjölbreyttar úttektir að umfangi og efnisvali. Megináhersla verður lögð á hefðbundnar stjórnsýsluúttektir á einstökum stofnunum, verkefnum og málaflökum. Í því sambandi verður sérstaklega hugað að viðhorfum þeirra sem þiggja þjónustu ríkisins og árangri ríkisstofnana við úrlausn verkefna sinna. Þá verða unnar úttektir á sviði umhverfisendurskoðunar og á upplýsingakerfum ríkisins. Samningamálum ríkisins verður líka gefinn sérstakur gaumur. Loks verða árlega unnar eftirfylgni- skýrslur vegna úttekta sem gerðar voru þremur árum áður.

FYRIRHUGUÐ VERKEFNI ÁRIÐ 2013

- Mótvægisáðgerðir 2008–10 v/ samdráttar í þorskafla
- Afdrif verkefna Varnarmálastofnunar
- Samvinna stofnana fyrir einstaklinga með skerðingu
- Matvælastofnun
- Bygging, kaup eða leiga húsnæðis fyrir ríkið
- Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum
- Þjóðskrá Íslands
- Úttekt á uppfærslu fjárhags- og mannauðskerfis ríkisins (Orra) árið 2010
- Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)
- Samningamál ríkisins
- Eftirfylgniúttektir

Sem fyrr verður einkum gerð grein fyrir úttektum sviðsins í meðallögum skýrslum (30–40 bls.). Eftirfylgniskýrslur verða þó yfirleitt heldur styttri. Áhersla verður lögð á markvissa afmörkun efnis og að úttektir beinist að jafnaði fremur að afmörkuðum vandamálum en málaflökum eða stofnunum í heild sinni. Með því móti leitast sviðið við að hafa yfirsýn um sem flesta þætti ríkisrekstrar og koma að sem mestu gagni með tímanlegum og raunhæfum tillögum til úrbóta.

Stjórnsýslusvið leggur ríka áherslu á að skýrslur sviðsins séu áreiðanlegar, heildstæðar, hlutlægar, vel uppbyggðar og læsilegar. Niðurstöður skulu vera óhlutdrægar og faglegar og ábendingar raunhæfar, viðeigandi og tímanlegar. Við skýrslugerð næstu ára verða sérstaklega hafðar í huga ábendingar

sem fram komu í [alþjóðlegri jafningjauðtekt](#) á sviðinu árið 2012.

FERLI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA

Stjórnsýsluúttektir skiptast í þrjá meginhluta samkvæmt alþjóðlegu ferli ríkisendurskoðana þar um.

1. Forkönnun

Í forkönnun er leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja aðalúttekt út frá: (a) aðgengilegum, áreiðanlegum og fullnægjandi upplýsingum um viðfangsefnið, (b) væntanlegum ávinningi úttektar fyrir ríkið eða einstakar stofnanir þess, t.d. líkum á sparnaði, aukinni skilvirkni eða betri árangri og (c) áætluðum kostnaði fyrir Ríkisendurskoðun.

Í forkönnun er lögð áhersla á að afla þeirra gagna og upplýsinga sem máli skipta til að ákveða framhaldið, sem og að ræða við hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að öll sjónarmið komi fram.

- Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt sé ótímabær eða að væntanlegur ávinningur hennar verði minni en kostnaður lýkur Ríkisendurskoðun málinu með bréfi til þeirra sem málið varðar.
- Leiði forkönnun í ljós að unnt sé að koma nauðsynlegum ábendingum á framfæri án frekari athugunar er könnuninni lokið með stuttri, opinberri skýrslu þar sem með rökstuddum hætti er bent á þau atriði sem bæta þarf.
- Leiði forkönnun í ljós ávinning af aðalúttekt er samin endurskoðunaráætlun þar sem viðfangsefnið er afmarkað, úttektarspurningar og aðferðir til að svara þeim tilgreindar og tiltekinn sá tími og mannauður sem þarf til að vinna úttektina. Gerðar eru endurskoðunaráætlanir fyrir allar aðalúttektir og lögð áhersla á að þeim sé fylgt nema gild rök séu til annars.

2. Aðalúttekt

Í aðalúttekt er endurskoðunaráætlun fylgt eins og kostur er. Áhersla er lögð á að safna, greina, meta og túlka á hlutlægan og faglegan hátt öll fáanleg gögn og upplýsingar sem máli skipta til að svara úttektarspurningum, draga niðurstöður saman í skýrslu og setja fram rökstuddar ábendingar um nauðsynlegar úrbætur.

Uppbygging skýrslu er með þeim hætti að niðurstöðukafli svarar þeim úttektarspurningum sem fram koma í inngangi og ábendingar eru í röklegu samhengi við niðurstöðurnar. Meginmál skýrslunnar miðar síðan að því að færa rök fyrir niðurstöðum og ábendingum.

Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send viðkomandi stofnun og ráðuneyti til umsagnar.

Endanlegar skýrslur eru sendar forseta Alþingis, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins og þeim ráðuneytum og stofnunum sem úttektir beinast að. Þær eru jafnframt birtar á heimasíðu Ríkisendurskoðunar, ásamt fréttatilkynningu.

3. Eftirfylgniúttekt

Í eftirfylgniúttekt sem fer fram u.þ.b. þremur árum eftir upphaflega úttekt eru viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar metin, þ.e. hvort brugðist hafi verið við þeim að hluta, öllu leyti eða alls ekki. Slík úttekt getur leitt til nýrra ábendinga. Niðurstöður eftirfylgniúttektar eru gerðar opinberar og sendar þeim aðilum sem í hlut eiga.

OPINBERAR SKÝRSLUR ÁRIÐ 2012

1. Skuldbindandi samningar - 3 Innanríkisráðuneyti
2. Skuldbindandi samningar - 4 Forsætisráðuneyti
3. Náttúruminjasafn Íslands
4. Skuldbindandi samningar - 5 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
5. Skuldbindandi samningar - 6 Mennta- og menningarmálaráðuneyti
6. Skuldbindandi samningar - 7 Umhverfissráðuneyti
7. Rekstrarumhverfi hjúkunarheimila
8. Skuldbindandi samningar - 8 Utanríkisráðuneyti
9. Fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands
10. Fóðursjóður. Tilgangur og ávinningur
11. Rannsóknarframlög til háskóla
12. Skýrsla um eftirfylgni: Útflutningsaðstoð og landkynning
13. Skýrsla um eftirfylgni: Lyfjastofnun
14. Frumgreinakennsla íslenskra skóla
15. Rekstur og fjárhagsstaða Ábyrgðasjóðs launa
16. Landhelgisgæsla Íslands: Verkefni erlendis
17. Skýrsla um eftirfylgni: Íslensk muna- og minjasöfn
18. Skýrsla um eftirfylgni: Heilbrigðisstofnun Austurlands
19. Skýrsla um eftirfylgni: Eftirlit með innheimtu sekta og sakarkostnaðar
20. Orri - Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins
21. Eftirlit með skuldum og fjármagnskostnaði ríkisstofnana
22. Bílanefnd ríkisins
23. Þjónustusamningur ríkisins við Farice
24. Dvalarheimili aldraðra
25. Atvinnutengd starfsendurhæfing

Skýrslur ársins 2012 voru að allt frá einni blaðsíðu upp í 103 blaðsíður með viðauka en að meðaltali voru þær 27 blaðsíður.